

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 38/2000
frá 31. mars 2000

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 172/1999 frá 26. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að útvíkka samstarf samningsaðila þannig að það nái til annars þreps aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði menntamála — Sókrates (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 253/2000/EB⁽²⁾).
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að unnt sé að gera ráð fyrir þessu útvíkkaða samstarfi frá 1. janúar 2000.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 28, 2.3.2000, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2c í 4. gr. bókunar 31 við samninginn:

„- **32000 D 0253:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 253/2000/EB frá 24. janúar 2000 um framkvæmd annars þreps aðgerðaáætlunar bandalagsins á sviði menntamála — Sókrates (Stjtið. EB L 28, 3.2.2000, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi fyrsta dag eftir síðustu tilkynningu til sameiginlegu EES-nefndarinnar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins.

Hún gildir frá 1. janúar 2000

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

